

Stjórnarfundur LH 12. janúar 2007

3. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Einar Ragnarsson, Maríanna Gunnarsdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Þorvarður Helgason, Kjartan Hreinsson og Eyþór J. Gíslason. Einnig mætti Sigrún Ögmundsdóttir af skrifstofu LH.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Farið fyrir fundargerð 1. fundar og hún samþykkt. Athugasemd kom fram um framkvæmd og kynningu á Íþróttamanni og konu ársins og þarf að gera hana markvissari og meiri. Maríanna tekur að sér að sjá um að finna heppilega farandgripi fyrir þessa hátíð.

2. Nefndir LH

Gengið var frá skipan í aganefnd, æskulýðsnefnd, tölvunefnd og landsliðsnefnd. Fram kom hjá Vilhjálmi að í sambandi við landsliðsnefnd að verið er að skoða að auka veg unglingslandsliðs og hvernig það gæti litið út í framtíðinni. Reglugerð um dómarnefnd samþykkt og reglugerð frá æskulýðsnefnd kynnt.

Menntanefnd er í mótun og sama gildir um starfsreglur nefnda sem eru enn í athugun. Haraldur fylgir málinu eftir.

Öryggisnefnd er ný nefnd sem Haraldur mun móta ásamt nefndarmönnum. Það þarf síðan að kynna þessa nefnd í fjölmiðlum, verkefni hennar og markmið.

Stjórn fari í endurskoðun á starfsreglum nefnda fyrir næsta fund og Sigrún Ögm. sendi stjórnarmönnum eldri starfsreglur.

- ▶ **AGANEFND:** Þorvaldur Sigurðsson, Atli Már Ingólfsson, Sörla, Sæþór Fannberg, Fáki Varamenn: Þórarinn Þórarinnsson, Mána, Kristín Þórðardóttir, Geysi, Birna Baldursdóttir, Skugga
- ▶ **ÆSKULÝÐSNEFND:** Helga B. Helgadóttir, Fáki, Sigríður Birgisdóttir, Sóta, Þorvarður Helgason, Fáki, Sóley Margeirsdóttir, Mána, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Létti, Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson, Andvara
- ▶ **TÖLVUNEFND:** Valdimar Snorrason, Fáki, Þorvaldur Sigurðsson, Andvara, Ágúst Ólafsson, Sleipni, Oddur Hafsteinsson, Andvara, Þórður Ingólfsson, Glaði
- ▶ **LANDSLIÐSNEFND:** Bjarnleifur Bjarnleifsson, Gusti, formaður, Sigurbjörn Bárðarson, Fáki, Sigurður Sæmundsson, Geysi, Jón Olsen, Mána, Sigurður V. Ragnarsson, Mána, Óskar Eyjólfsson, Sleipni, Árni Guðmundsson, Fáki

3. Mynd í tilefni af 60 ára afmæli Fáks

Kristján Guðmundsson úr hestamannafélaginu Fáki kom og fundinn og skýrði frá tilurð myndar sem gerð var í tilefni af 60 ára afmæli Fáks og lýsir í myndum helstu atburðum á afmælisárinu 1982. Vildi Kristján fá tækifæri til að færa LH eintak til varðveislu.

LH þakkar Kristjáni kærlega fyrir gjöfina.

4. Fjármál LH

Marianna fór yfir stöðu fjármála og er ljóst að staðan er viðkvæm án þess að hætt sé á ferðum. Í tengslum við skoðanaskipti um fjármál samtakanna kom upp umræða um landsmót og hvaða leið væri fær til að ná árangri í rekstrinum.

5. Þróunarfé í hrossarækt og hestamennsku

Haraldur lýsti atburðarás síðustu daga og vikna og las bréf sem borist hafa og verið send. Stjórn samþykkti meðferð málsins

6. Önnur mál.

- a. **Beiðni um styrk frá Gæðingadómarafélaginu** upp á tvær milljónir króna til gerðar kennsluefnis og uppfærslu próf- og kennslugagna. Stjórnin tekur vel í málið en vill fá kostnaðaráætlun áður en umsóknin er afgreidd.
- b. **Styrkumsókn frá hestamannafélaginu Freyfaxa** vegna ístölmóts. Stjórn LH hefur haft þá stefnu að styrkja ekki mótahald nema um æskulýðsmót sé að ræða. Vegna sérstöðu málsins er Vilhjálmi falið að skoða málið og gera tillögu um framhaldið.
- c. **Gnýfari á Ólafsfirði.** Sigfús kynnti stöðu hestúshahverfisins á Ólafsfirði. Hann heldur áfram með málið og ef að LH getur að einhverju leiti komið að málinu mun LH vissulega gera það.
- d. **Úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ.** LH hefur heldur aukið hlut sinn.
- e. **Fundur verður 25. janúar** með framkvæmdastjórn ÍSÍ vegna úthlutunar ríkisstyrks til sérsambandanna. Sigrún undirbýr gögn fyrir fundinn.
- f. **Tillaga um útgáfu þjálfararéttinda LH.** Skipa þarf nefnd til þess að undirbúa og framkvæma verkefnið. Haraldur fylgir málinu eftir.
- g. **Æskulýðsnefnd LH.** Þorvarður lagði fram hugmyndir og tillögur æskulýðsnefndar að samstarfinu við Glitni vegna styrktarsamnings.
- h. **Hestatorg.** Oddi falið að funda og skoða aðkomu LH að Hestatorgi.
- i. **Skrifstofa LH.** Sólveig fer í barneignarfrí í apríl og þarf að gera ráðstafanir þess vegna. Sigrún varpar fram hugmynd sem ákveðið er að skoða.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundu slitið klukkan 18:50
Fundarritari: Einar Ragnarsson*